

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1994

Nr. 13

10

10. febrúar 1994

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnunarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 10. febrúar 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 14

17. mars 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð
um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969,
með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 17. mars 1994 staðfest, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 64/1987 og 1. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 5/1990:

- a. Aftan við 2. tölul. bætist orðin: þó ekki Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunina (OECD).
- b. Í 4. tölul. falli brott orðin „sem eigi ber undir annað ráðuneyti“.
- c. Framan við 6. tölul. bætist orðin: Samkeppnismál, óréttmæta viðskiptahætti.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 17. mars 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.